

HeartSine samaritan[®] PAD
350P Trainer
gerð TRN-350-1
Handbók



HeartSine[®]

Þessi notandahandbók hefur að geyma leiðbeiningar um hvernig nota á HeartSine PAD 350P Trainer.

HeartSine PAD 350P Trainer er ekki lækningatæki og er ætlað til að þjálfa þá sem sinna neyðartilvikum í rétttri notkun sjálfvirkra hjartastuðtækisins HeartSine PAD 350P. Trainer hefur enga læknaðeiginleika og það má ekki nota við raunverulegar björgunaraðgerðir.



ÁRIÐANDI: Til að fyrirbyggja mistök þegar líf liggur við skal ekki geyma né skilja Trainer eftir nærri sjálfvirkra hjartastuðtækinu HeartSine PAD.

Til að auðvelda aðgreiningu er framhlið HeartSine PAD 350P Trainer með gulu notendaviðmóti en framhlið sjálfvirkra hjartastuðtækisins HeartSine PAD 350P er með dimmbláu/svörtu notendaviðmóti.

HeartSine mælir með því að þeir sem veita bráðaðþjónustu og gætu þurft að nota eitthvert hjartastuðtækjanna hljóti þjálfun í hjarta-lungna-lífsgun með notkun hjartastuðtækja (CPR-D-lífsgun). HeartSine PAD 350P Trainer er ætlað til notkunar fyrir viðurkennda kennara í hjarta-lungna-lífsgun með notkun hjartastuðtækja í þeim tilgangi.

Af hálfu framleiðanda er geta HeartSine PAD 350P Trainer sniðin að sameiginlegum leiðbeiningum American Heart Association/European Resuscitation Council 2010 um hjarta-lungna-lífsgun (CPR-lífsgun). Búnaðurinn er afgreiddur með sex tilbúnum sviðsmyndum sem byggja á þessum leiðbeiningum.

Ef leiðbeiningar fyrir hjarta-lungna-lífsgun breytast verður í boði hugbúnaður til að uppfæra HeartSine PAD 350P Trainer í samræmi við það. Vinsamlegast hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila HeartSine Technologies eða við HeartSine Technologies beint.

Þegar kveikt hefur verið á HeartSine PAD 350 Trainer spilar það raddkvaðningar og kveikir um leið viðeigandi gaumljós. Eins er hægt að stjórna Trainer með fjarstýringu sem fylgir tækinu.

Vinsamlegast hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila HeartSine og fáid lista yfir varahluti í boði.

- 1) Gangið úr skugga um að HeartSine PAD 350P Trainer sé fullhlaðið (sjá hleðslukafla þessarar handbókar).
- 2) Setjið HeartSine PAD 350P Trainer og Trainer Pad-Pak á sléttan flöt. Ýtið Trainer Pad-Pak inn í opið á HeartSine PAD 350P Trainer þar til „smellur“ heyrir svo að tryggt sé að það sé rétt sett í.
- 3) Setjið rafhlöðurnar sem fylgja Trainer inn í fjarstýringu HeartSine PAD.



Ekki styðja á neina hnappa á meðan rafhlöðurnar eru settar í fjarstýringuna því það myndi endurstilla auðkenni fjarstýringarinnar.

- 4) Styðjið á Kveikt/Slökkt-hnappinn á HeartSine PAD 350P Trainer og hlustið á raddkvaðningarnar til að tryggja að einingin sé í gangi.

5) Ef HeartSine PAD 350P Trainer er ekki nægilega vel hlaðið starfar það ekki rétt. Þegar kveikt er á tækinu blikkar rautt stöðugaumljós sem gefur til kynna að hlaða þurfi tækið. Ef rafhlaðan er alveg tóm er alls enginn straumur á tækinu. Sjá nánar um fulla hleðslu í hleðslukafla þessarar handbókar.

Kveikt og slökkt á HeartSine PAD 350P Trainer

Kveikið á HeartSine PAD 350P Trainer með því að styðja á græna Kveikt/Slökkt-hnappinn.



Ef annað er ekki tekið fram styðst Trainer við þær stillingar og þá sviðsmynd sem síðast var notuð.

Slökkvið á HeartSine PAD 350P Trainer með því að styðja aftur á Kveikt/Slökkt-hnappinn.

Þegar kveikt hefur verið á HeartSine PAD 350P Trainer má slökква á því með fjarstýringunni sem fylgir. Til að slökква á Trainer skal styðja á slökkt-hnappinn (rauða hnappinn) á fjarstýringunni.



Þegar kveikt hefur verið á HeartSine PAD 350P Trainer slekkur tækið á sér sjálfkrafa eftir fimmtán mínútur ef það er ekki í notkun.

HeartSine PAD 350P Trainer



- A Gagnatengi
- B LED hleðslugaumljós rafhlöðu
- C Stöðugaumljós
- D Hnappur fyrir rafstuð
- E Gaumljósið Óhætt að snerta
- F Hátalari
- G Pad-Pak-hylki
- H Kveikt/slökkt hnappur
- I Táknmyndin Snertið ekki
- J Gaumljós fyrir staðsetningu púða
- K Aðgerðaörvar



Kveikt/slökkt hnappur

Stýðjið á þennan hnapp til að kveikja og slökkva á tækinu. (Ef stutt er á hnappinn á meðan mælt er með rafstuði birtist viðvörðunin „Viðvörðun, stutt var á hnappinn Slökkva“; tækið slekkur ekki á sér nema stutt sé aftur á hnappinn innan þriggja sekúndna.)



Gaumljós fyrir staðsetningu rafskautapúða

Aðgerðaörvar kringum þessa táknmynd blikka og gefa notanda til kynna að festa skuli PAD 350P púðana við sjúkling eins og sýnt er.



Gaumljósið Óhætt að snerta

Óhætt er að snerta sjúklinginn þegar aðgerðaörvar kringum þessa táknmynd blikka. Framkvæma má hjarta-lungna-lífgun eða fylgjast með sjúklingi.



Aðgerðaörvar

Aðgerðaörvar kringum táknmynd blikka og gefa til kynna hvaða aðgerð skuli framkvæma.



Táknmyndin Snertið ekki

Ekki snerta sjúklinginn þegar aðgerðaörvar kringum þessa táknmynd blikka. Það getur verið að PAD 350P tækið sé að greina hjartslátt sjúklings eða búa sig undir að gefa rafstuð.



Stöðugaumljós

Grænt ljós blikkar – Trainer er tilbúinn til notkunar
Rautt ljós blikkar – Hlaða þarf Trainer



Hnappur fyrir rafstuð

Stýðjið á þennan hnapp til að líkja eftir gjöf rafstuðs í lækningaskyni.


Notkun rafskauta

Kennslusviðsmyndirnar hafa að geyma raddkvaðningar um að taka rafskautin úr Pad-Pak og um að koma rafskautunum fyrir eins og sýnt er. Fylgið eftirfarandi skrefum þegar um er beðið.

- 1) Togið í græna flipann til að opna Trainer Pad-Pak hylkið og sléttið alveg úr köplum rafskautanna.
- 2) Takið rafskautapúðana af hlífumum.
- 3) Staðsetjið rafskautapúðana eins og gaumljós fyrir staðsetningu rafskautapúða sýnir; rafskautapúðar bringubeins og enda eru greinilega merktir á viðkomandi púðum.
- 4) Þrýstið fast á púðana til að tryggja að sambandið sé traust.

Rafskautum vafið aftur saman að notkun lokinni


- 1) Setjið hlífarnar aftur á rafskautapúðana eða skiptið um og setjið nýjar á.
- 2) Brjótið púðana saman þannig að hlífín viti út.
- 3) Látið rafskautin hanga niður úr búnaðinum og notið handfangið í bláa vafningstækinu til að vefja rafskautunum aftur saman:



A Vafningsbúnaður
B Vafningshandfang

- 4) Setjið púðana ofan á Pad-Pak-hylkið og gangið úr skugga um að vírarnir séu fyrir neðan púðana.
- 5) Lokið Pad-Pak-hylkinu með því að renna gula bakkanum á sinn stað.

Fjarstýring PAD 350P Trainer



- A Slökkvihnappur
- B Hljóðstyrkur stilltur
- C Gaumljós fyrir lága stöðu rafhlöðu
- D Biðstöðuhnappur
- E Sviðsmyndin Rafstuðs ekki krafist
- F Sviðsmyndin Rafstuðs krafist
- G Veljið sviðsmynd
- H Festið rafskautapúða



Slökkt á Trainer

Hægt er að nota fjarstýringuna til að slökkva á HeartSine PAD 350P Trainer. Til að slökkva á Trainer skal styðja á rauða hnappinn á fjarstýringunni.



Hljóðstyrk breytt

A HeartSine PAD 350P Trainer eru fjórar stillingar fyrir hljóðstyrk. Stjórnhnappar fyrir hljóðstyrk eru vinstra megin við Slökkt-hnappinn á fjarstýringunni. Til að auka hljóðstyrk skal styðja á '+'-hnapp og til að minnka hljóðstyrk skal styðja á '-'-hnapp.



Trainer settur í biðstöðu

Hægt er að setja HeartSine PAD 350P Trainer í biðstöðu í kennslu. Til að setja Trainer í biðstöðu skal styðja á Bið-hnapp (||/►). Trainer helst í biðstöðu uns stutt er á Bið-hnapp á ný en þá heldur tækið áfram að leika þá sviðsmynd sem valin var.



Sviðsmynd breytt

HeartSine PAD 350P Trainer er afgreiddur með sex tilbúnum kennslusviðsmyndum. (Nánari upplýsingar um sviðsmyndir er að finna í kaflanum um kennslusviðsmyndir í þessari handbók.) Hægt er að skipta um sviðsmynd með því að styðja á viðkomandi númershnapp á fjarstýringunni, þ.e. ef stutt er á '3' virkjað sviðsmynd þrjú.

Þegar skipt hefur verið um sviðsmynd starfar tækið eins og lýst er í sviðsmyndakafla. Tækið verður í þessari sviðsmynd uns ný sviðsmynd er valin.

Hægt er að velja á milli sex tilbúinna kennsluviðsmynda í HeartSine PAD 350P Trainer. Allar tilbúnu sviðsmyndirnar byggja á leiðbeiningum AHA/ERC 2010. Nánari lýsingu á sviðsmyndunum er að finna hér á eftir.

Sviðsmynd 1

- | | | | |
|----|-----------------------------|---|--|
| 1. | Stillingahamur | – | „Leitið aðstoðar læknis“, „Togið í græna flipann“ o.s.frv. |
| 2. | Aðgerðir notanda | – | Styðjið á „Púða“ hnapp til að staðfesta að rafskautum hafi verið komið fyrir |
| 3. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 4. | Mælt með rafstuði | – | Notandi skal styðja á rafstuðshnapp |
| 5. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun eftir þörfum |
| 6. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 7. | Stuð ekki ráðlagt | | |
| 8. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun eftir þörfum |
| 9. | Endurtakið | – | Skref 6 til 8 eru endurtekin uns stutt er á 'kveikt/ slökkt'-hnapp |

Sviðsmynd 2

- | | | | |
|----|-----------------------------|---|--|
| 1. | Stillingahamur | – | „Leitið aðstoðar læknis“, „Togið í græna flipann“ o.s.frv. |
| 2. | Aðgerðir notanda | – | Styðjið á „Púða“ hnapp til að staðfesta að rafskautum hafi verið komið fyrir |
| 3. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 4. | Stuð ekki ráðlagt | | |
| 5. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun eftir þörfum |
| 6. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 7. | Mælt með rafstuði | – | Notandi skal styðja á rafstuðshnapp |
| 8. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun eftir þörfum |
| 9. | Endurtakið | – | Skref 6 til 8 eru endurtekin uns stutt er á 'kveikt/ slökkt'-hnapp |

Sviðsmynd 3

- | | | | |
|-----|-----------------------------|---|--|
| 1. | Rafskaut | – | Tækið gerir ráð fyrir því að rafskaut hafi þegar verið fest |
| 2. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 3. | Aðgætið þúða | – | „Aðgætið þúða“ |
| 4. | Aðgerðir notanda | – | Styðjið á „Þúða“ hnapp til að staðfesta að rafskautum hafi verið komið fyrir |
| 5. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 6. | Mælt með rafstuði | – | Notandi skal styðja á rafstuðshnapp |
| 7. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun eftir þörfum |
| 8. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 9. | Stuð ekki ráðlagt | – | |
| 10. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun eftir þörfum |
| 11. | Endurtakið | – | Skref 3 til 10 eru endurtekin uns stutt er á 'kveikt/slökkt'-hnapp |

Sviðsmynd 4

- | | | | |
|-----|-----------------------------|---|--|
| 1. | Rafskaut | – | Tækið gerir ráð fyrir því að rafskaut hafi þegar verið fest |
| 2. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 3. | Mælt með rafstuði | – | Notandi skal styðja á rafstuðshnapp |
| 4. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun eftir þörfum |
| 5. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 6. | Mælt með rafstuði | – | Notandi skal styðja á rafstuðshnapp |
| 7. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun eftir þörfum |
| 8. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 9. | Stuð ekki ráðlagt | – | |
| 10. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun eftir þörfum |
| 11. | Endurtakið | – | Skref 5 til 10 eru endurtekin uns stutt er á 'kveikt/slökkt'-hnapp |

Sviðsmynd 5

Sviðsmynd 5 er eins og sviðsmynd 1 að viðbættum raddábendingum um hvenær skuli hefja lífgunartilraunir með blástursaðferð í hjarta-lungna-lífgunarham.

- | | | | |
|----|-----------------------------|---|---|
| 1. | Stillingahamur | – | „Leitið aðstoðar læknis“, „Togið í græna flípann“ o.s.frv. |
| 2. | Aðgerðir notanda | – | Styðjið á „Púða“ hnapp til að staðfesta að rafskautum hafi verið komið fyrir |
| 3. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 4. | Mælt með rafstuði | – | Notandi skal styðja á rafstuðshnapp |
| 5. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun samkvæmt leiðbeiningum eins og þarf; þar á meðal raddábendingum um það hvenær skuli hefja lífgunartilraunir með blástursaðferð – taktmælir breytist úr „pípi“ yfir í „smell“ á meðan hnoðað er tíu sinnum. |
| 6. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 7. | Stuð ekki ráðlagt | – | |
| 8. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun samkvæmt leiðbeiningum eins og þarf; þar á meðal raddábendingum um það hvenær skuli hefja lífgunartilraunir með blástursaðferð – taktmælir breytist úr „pípi“ yfir í „smell“ á meðan hnoðað er tíu sinnum. |
| 9. | Endurtakið | – | Skref 6 til 8 eru endurtekin uns stutt er á 'kveikt/slökkt'-hnapp |

Sviðsmynd 6

Sviðsmynd 6 er eins og sviðsmynd 2 að viðbættum raddábendingum um hvenær skuli hefja lífgunartilraunir með blástursaðferð í hjarta-lungna-lífgunarham.

- | | | | |
|----|-----------------------------|---|--|
| 1. | Stillingahamur | – | „Leitið aðstoðar læknis“, „Togið í græna flipann“ o.s.frv. |
| 2. | Aðgerðir notanda | – | Styðjið á „Púða“ hnapp til að staðfesta að rafskautum hafi verið komið fyrir |
| 3. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 4. | Stuð ekki ráðlagt | – | |
| 5. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun samkvæmt leiðbeiningum eins og þar; þar á meðal raddábendingum um það hvenær skuli hefja lífgunartilraunir með blástursaðferð – taktmælir breytist úr „pípi“ yfir í „smell“ á meðan hnoðað er tíu sinnum. |
| 6. | Skjáhamur | – | „Met hjartslátt“, „Snertið ekki sjúkling“ o.s.frv. |
| 7. | Mælt með rafstuði | – | Notandi skal styðja á rafstuðshnapp |
| 8. | Hjarta-lungna-lífgunarhamur | – | Notandi beiti hjarta-lungna-lífgun samkvæmt leiðbeiningum eins og þar; þar á meðal raddábendingum um það hvenær skuli hefja lífgunartilraunir með blástursaðferð – taktmælir breytist úr „pípi“ yfir í „smell“ á meðan hnoðað er tíu sinnum. |
| 9. | Endurtakið | – | Skref 6 til 8 eru endurtekin uns stutt er á 'keikt/slökkt'-hnapp |

Fjarstýringin gerir notendum Training kleift að stjórna sviðsmyndinni handvirk. Þegar kveikt hefur verið á HeartSine PAD 350P Trainer vinnur það eins og lýst er í kennslusviðsmyndunum. Kennarar geta farið framhjá þessu með því að styðja á hnappinn 'Rafstuðs krafist', 'Rafstuðs ekki krafist' eða 'Festið rafskautapúða'.



Rafstuðs krafist

Með því að styðja á hnappinn 'Rafstuðs krafist' fer HeartSine PAD 350P Trainer framhjá þeirri kennslusviðsmynd sem valin var og líkir eftir stuðvænum takti. Eftir það ráðleggur sérhver greiningarlota að gefa skuli rafstuð þar til annaðhvort er slökkt á Trainer eða stutt er á hnappinn 'Rafstuðs ekki krafist' á fjarstýringunni.



Rafstuðs ekki krafist

Með því að styðja á hnappinn 'Rafstuðs ekki krafist' fer HeartSine PAD 350P Trainer framhjá þeirri kennslusviðsmynd sem valin var og líkir eftir takti sem ekki er stuðvænn. Eftir það ráðleggur sérhver greiningarlota að ekki skuli gefa rafstuð þar til annaðhvort er slökkt á Trainer eða stutt er á hnappinn 'Rafstuðs krafist' á fjarstýringunni.



Festið rafskautapúða

Ef stutt er á hnappinn 'Festið rafskautapúða' þá leikur Trainer raddkvaðninguna 'Festið rafskaut' á meðan greiningarlota fer fram. Trainer heldur áfram að spila raddkvaðninguna 'Festið rafskaut' uns stutt er á hnappinn 'Festið rafskautapúða' á ný.

Meðferð rafhlöðu í HeartSine PAD 350P Trainer

HeartSine PAD 350P Trainer er með hleðslurafhlöðu. Mælt er með því að HeartSine PAD 350P Trainer sé fullhlaðið áður en kennsla hefst.

Fullhlaðið skilar HeartSine PAD 350P Trainer u.þ.b. sjö klukkustunda vinnslu áður en hlaða þarf það á ný.

HeartSine PAD 350P Trainer fylgist með hleðslu rafhlöðunnar þegar hún fer að tæmast. Að minnsta kosti einni klukkustund áður en rafhlaðan tæmist leikur Trainer eftirfarandi skilaboð:



„Viðvörðun. Rafhlaða að tæmast“

Ef þessi viðvörðun heyrir er aðeins hægt að nota HeartSine PAD 350P Trainer í takmarkaðan tíma til viðbótar. Ef rafhlaðan tæmist alveg slekkur Trainer á sér. Þá skal endurhlaða Trainer.

HeartSine PAD 350P Trainer hlaðið og endurhlaðið

Til að hlaða og endurhlaða HeartSine PAD 350P Trainer á öruggan hátt skal fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

- 1) Tengjið hleðslutækið við innstunguna á hlið HeartSine PAD 350P Trainer. Gangið úr skugga um að hleðslutækið sé tryggilega tengt.
- 2) Setjið klóna í samband við veitukerfið.
- 3) Leyfið Trainer að hlaðast. LED hleðslugaumljós rafhlöðu (við hliðina á innstungu) er rautt þegar hleðsla er í fullum gangi og blikkar þegar hleðslu er nánast lokið. Þegar hleðslu er að fullu lokið slokknar á LED-ljósinu. Það tekur í hæsta lagi sex klukkustundir að hlaða tómt HeartSine PAD 350P Trainer.
- 4) Aftengið hleðslutækið frá HeartSine PAD 350P Trainer. Kveikið á Trainer til að ganga úr skugga um að tækið virki.

Ef kveikt er á HeartSine PAD 350P Trainer á meðan hlaðið er skal slökkva á hleðslutækinu og kveikja síðan á því aftur til að hefja hraða hleðslu á ný.

HeartSine PAD 350P Trainer má eingöngu hlaða með hleðslutækinu sem fylgir. Ef annað hleðslutæki er notað fellur ábyrgðin úr gildi og það kann að valda skemmdum á HeartSine PAD 350P Trainer.

HeartSine PAD 350P Trainer og hleðslutæki eru eingöngu hönnuð til innanhússnota. Notið ekki í blautu eða röku umhverfi.

Í HeartSine PAD 350P Trainer, Trainer Pad-Pak eða hleðslutæki eru engir hlutir sem notandi getur gert við. Þessa hluti ætti ekki að opna. Ef svo ólíklega vill til að tæki starfi ekki eðlilega skal hafa samband við dreifingaraðila tafarlaust.

Rafhlóður í fjarstýringu

Fjarstýring HeartSine PAD 350P Trainer er búin gaumljósi vegna rafhlöðu sem er að tæmast. Ef þetta gaumljós blikkar tvisvar eftir að stutt er á hnapp á fjarstýringu er það merki um að skipta þurfi um rafhlöður í fjarstýringu.

Fjarstýringin gengur fyrir tveimur hefðbundnum AAA rafhlöðum.

Hægt er að komast að rafhlöðunum með því að fjarlægja rafhlöðulokið aftan á fjarstýringu.



Þegar rafhlöður eru settar í fjarstýringu á meðan stutt er á hnappinn Slökkt fer fjarstýringin í þörunarham og þarfnast nýs sendiauðkennis. Það verður annað en það sem fyrir var í minni Trainer. Ef þetta gerist í ógáti er nauðsynlegt að fara í gegnum allt þörunarferlið til að para saman fjarstýringu og HeartSine PAD 350P Trainer á ný.

Venjuleg rafhlöðuskipti valda ekki vandkvæðum því þörun hefst aðeins þegar hnappnum Slökkt er haldið niðri samtímis.

Samskipunartól HeartSine PAD 350P Trainer

Samskipunartól HeartSine PAD 350P Trainer er hugbúnaður sem hægt er að hlaða niður endurgjaldslaust af vefsíðu HeartSine (www.heartsine.com). Með þessum hugbúnaði má uppfæra Trainer. Eftirtaldir kostir eru í boði:

Tungumál

Hægt er að endurforrita HeartSine PAD 350P Trainer þannig að það starfi með raddkvaðningar á hvaða tungumáli sem er af þeim sem í boði eru. Hlaðið niður núverandi notandahandbók fyrir samskipunartól HeartSine PAD 350P Trainer af vefsíðu HeartSine með leiðbeiningum um hvernig farið skal að.

Fjarstýring og HeartSine PAD 350P Trainer þöruð saman

Hverju HeartSine PAD 350P Trainer tæki fylgir sérstök fjarstýring sem stjórnar því. Þetta er gert í því skyni að hægt sé að nota mörg tæki nálægt hverju öðru án truflana. Ef svo ólíklega vill til að fjarstýringin vinni ekki lengur með Trainer getur þurft að para það aftur við Trainer.

Samskipunartól HeartSine PAD 350P Trainer má nota til að para fjarstýringu við Trainer. Í handbók sem fylgir er að finna ítarlegar leiðbeiningar.

Auðkenni tækisins

Sérhverju HeartSine PAD 350P Trainer tæki er við framleiðslu úthlutað auðkennisnúmeri á bilinu 001 og 255. Fjarstýringu hvers Trainer tækis er síðan úthlutað sama auðkennisnúmeri. Ef svo ólíklega vill til að tvö tæki með sama auðkennisnúmer séu notuð samtímis skal nota samskipunartól HeartSine PAD 350P Trainer til að úthluta tækjunum nýjum númerum. Nauðsynlegt er að para tæki við viðkomandi fjarstýringu eftir að nýjum auðkennisnúmerum hefur verið úthlutað.

Hér fer á eftir stutt yfirlit yfir grunnatriði handa ófaglærðum björgunarmönnum samkvæmt bæði American Heart Association (AHA) og European Resuscitation Council (ERC) sem gefin voru út 2010 fyrir hjarta-lungna-lífgun og bráðaviðbrögð í hjarta- og æðatilvikum (ECC). Þessu er aðeins ætlað að vera stutt upprifun fyrir þjálfað fólk í hjarta-lungna-lífgun. HeartSine mælist til þess að allir sem líklegir eru til að nota PAD 350P fái þjálfun hjá þartilbærum aðila bæði í að beita hjarta-lungna-lífgun og PAD 350P áður en PAD 350P er tekið í notkun. Ef Guidelines-leiðbeiningarnar breytast verður í boði hugbúnaður til að uppfæra PAD 350P Trainer til samræmis við það. Vinsamlegast hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila HeartSine Technologies eða við HeartSine Technologies beint.

HRINGIÐ í neyðarlínu (999/911/112 o.s.frv.). Látið sækja sjálfvirk hjartastuðtæki (AED-tæki)



Horfa, snerta, hlusta



Framkvæmið hjarta-lungna-lífgun. Fara skal að samkvæmt nýjustu leiðbeiningum AHA eða ERC



Notið sjálfvirk hjartastuðtæki sé það fyrir hendi



Haldið áfram hjarta-lungna-lífgun uns neyðarþjónusta kemur. Skiptist á við annan mann eftir eina lotu eða 2 mínútur

Svarar viðkomandi ekki áreiði?

Avarpið viðkomandi og hristið hann um axlir
Hringið í neyðaraðstoð



Opnið öndunarveg, aðgætið öndun



Haldið áfram hjarta-lungna-lífgun þar til sjálfvirk hjartastuðtæki berst EDA neyðarlæknir kemur

Kallið til aðra til aðstoðar og skiptist á við hjarta-lungna-lífgun



Ef sjálfvirk hjartastuðtæki er til staðar skal kveikja á því og fara að fyrirbællum – sjálfvirka hjartastuðtækið metur taktinn

**RAFSTUÐ
RÁÐLAGT**

**EKKERT
RAFSTUÐ
RÁÐLAGT**

**GEFA
RAFSTUÐ**

Haldið áfram hjarta-lungna-lífgun í 2 mínútur

Haldið áfram hjarta-lungna-lífgun í 2 mínútur

Haldið er áfram uns sjúklingur sýnir lífsmark, þ.e.a.s. hreyfir sig, opnar augu og andar eðlilega

Leiðbeiningar um förgun

HeartSine PAD 350P Trainer er margnota tæki. Ef hann er notaður í samræmi við fyrirmæli þessarar handbókar er hann með tveggja ára ábyrgð frá framleiðsludegi. Framleiðsluár búnaðarins er tilgreint í fyrstu tveimur tölustöfum raðnúmers.

Ef ætlunin er að farga HeartSine PAD 350P Trainer einingu skal koma henni til viðeigandi endurvinnslustöðvar samkvæmt þeim reglum sem um það gilda á viðkomandi stað. Að öðrum kosti skal koma henni til dreifingaraðila á hverjum stað eða HeartSine Technologies til förgunar.

Förgun innan Evrópusambandsins:

Ekki má farga HeartSine PAD 350P Trainer einingu sem óflokkuðum heimilis- og rekstrarúrgangi: haldið HeartSine PAD 350P Trainer aðgreindu til endurnotkunar eða endurvinnslu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og Ráðs Evrópusambandsins 2002/96/EBE um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (WEEE) eða skilið því til dreifingaraðila á viðkomandi stað eða til HeartSine Technologies til förgunar.

Útilokun frá ábyrgð

Hvorki HeartSine Technologies né viðurkenndum dreifingaraðila er skylt að taka að sér þjónustu/viðgerðir í ábyrgð ef:

- Gerðar hafa verið breytingar á tækinu í leyfisleysi.
- Notaðir hafa verið óhefðbundnir íhlutir.
- Notandi hefur ekki notað tækið samkvæmt ábendingum um notkun eða fyrirmælum þessarar handbókar.
- Raðnúmer tækisins hefur verið fjarlæggt, eyðilagt, skemmt eða því breytt.
- Tæki, rafhlöður eða rafskaut eru geymd eða notuð við önnur skilyrði en mælt er fyrir um. Tækið hefur verið prófað með ósamþykktum aðferðum eða búnaði sem ekki á við (sjá kaflann um viðhald í þessari handbók).

Hvers kyns kvörtunum á ábyrgðartíma skal beina til dreifingaraðila þar sem tækið var keypt upphaflega. HeartSine Technologies krefst sönnunar á kaupum áður en þjónusta í ábyrgð fer fram. Nota skal vöruna í samræmi við handbók og í þeim tilgangi sem tækið er gert fyrir. Ef spurningar vakna, vinsamlegast hafið samband við support@heartsine.com og leitið þar aðstoðar.



HeartSine®

Höfuðstöðvar á heimsvísu:

HeartSine Technologies Inc
121 Friends Lane
Suite 400

Newtown, PA 18940

Sími: 1.215.860.8100

Bréfsími: 1.215.860.8192

Framleiðandi:

HeartSine Technologies Ltd
Canberra House
203 Airport Road West
Belfast BT3 9ED

Norður Írland

Sími: +44 (0)28 9093 9400



www.heartsine.com

www.heartsine.eu

support@heartsine.com

Viðurkenndur dreifingaraðili